



Atvinnuleysi jókst áfram í nóvember í samræmi við spár

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í nóvember 10,6% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði aukist úr 9,9% frá því í október. Um 26.350 manns voru á atvinnuleysissskrá, þar af um 20.900 atvinnulausir og um 5.450 atvinnulausir í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið jókst úr 1,2% í 1,4% milli mánaða. Heildaratvinnuleysi í nóvember var því 12% miðað við 11,1% í október og jókst þannig um 0,9 prósentustig.

Almennt atvinnuleysi hefur farið nær stöðugt hækkandi allt árið og hafa sveiflur í því einungis tengst hlutabótaleiðinni. Reikna má með að meðalatvinnuleysi ársins verði í kringum 8% sem er veruleg hækkun frá 3,6% meðalatvinnuleysi í fyrra. Flestir reikna með að atvinnuleysi fari minnkandi þegar líður á árið 2021 samhliða því að tæk náist á faraldrinum og landið opnast meira. Atvinnuleysi í upphafi ársins 2021 verður hins vegar um 11% en það var 4,8% í janúar 2020. Það er því um langan veg að fara þar til svipuðu atvinnuleysisstigi og var á árinu 2019 verður aftur náð.


Suðurnesin orðið langverst úti

Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 22,8% í nóvember og hlutabótaatvinnuleysi 1,3%. Almennt atvinnuleysi þar er því rúmlega tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða um 10,6%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 9,6%. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur. Hlutabótaatvinnuleysi er hlutfallslega lítið á Suðurnesjum miðað við hversu mikið atvinnuleysið er sem bendir til þess að ástandið þar kunnist að vara lengur en á öðrum svæðum.

Hópuppsagnir


Hópuppsögnum hefur fækkað. Í nóvember bárust Vinnuálastofnun tvær tilkynningar um hópuppsagnir þar sem 40 starfsmönnum var sagt

Skráð almennt atvinnuleysi



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í október og nóvember 2020



Heimild: Vinnuálastofnun



upp störfum, 27 í fjármálastarfsemi og 13 í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Alls hefur um 8.650 manns verið sagt upp störfum í hópuppsögnum á árinu. Flestar hópuppsagnir hafa komið úr ferðaþjónustu.

Hlutabótaleiðin framlengd á ný

Atvinnuleysi vegna hlutabóta var 1,4% í nóvember og hefur aukist nokkuð á síðustu mánuðum þó það hafi minnkað mikið frá því í vor. Þetta kerfi átti upphaflega að renna sitt skeið í lok ágúst en hefur síðan verið framlengt og mun verða í gildi að minnsta kosti fram til loka maí á næsta ári.

Greiðslur atvinnuleysisbóta – Suðurnes með sérstöðu


Hagstofan birti í síðustu viku tölur um niðurbrot staðgreiðsluskyldra greiðslna. Úr þeim tölum má t.d. sjá hversu hátt hlutfall atvinnuleysisgreiðslna af öllum greiðslum er í einstökum sveitarfélögum.

Sé litið á þróunina í nokkrum af stærstu bæjum landsins frá upphafi ársins 2019 fram í október 2020 má sjá að atvinnuleysisgreiðslur í janúar 2019 námu um 1% af greiðslum í öllum bæjunum nema Reykjanesbæ, þar sem þær voru um 2%. Þróunin var keimlík í öllum bæjunum nema Reykjanesbæ fram til febrúar 2020, hæg aukning. Í Reykjanesbæ var þróunin öllu hraðari.

Á tímabilinu fram til apríl 2020 var um mikið stökk að ræða í öllum bæjunum, en þó lang mest í Reykjanesbæ. Í apríl var svo orðinn meiri munur milli hinna bæjanna en verið hafði og hefur sá munur haldist síðan. Hlutfall atvinnuleysisgreiðslna var lang hæst í Reykjanesbæ í apríl, um 15%, og um 8% í Reykjavík. Á þessum tíma fengu margir bætur vegna hlutaatvinnuleysis, enda stóðu vonir þá til að þetta ástand yrði ekki langvarandi. Hlutfallið fór svo lækkandi fram í júlí en fór þá að hækka strax aftur í Reykjanesbæ, en það fór ekki að hækka í hinum bæjunum fyrr en í október. Það er athyglisvert að þróunin í Kópavogi og Hafnarfirði er næstum sú sama á öllu þessu tímabili.


Í október sl. var orðinn töluverður munur á milli þessara fimm sveitarfélaga. Atvinnuleysisgreiðslur voru hlutfallslega lang mestar í Reykjanesbæ, um 11%. Þær voru næst hæstar í Reykjavík, eða 4,9%,

Atvinnuleysi 2020



Heimild: Vinnuálastofnun

Atvinnuleysisgreiðslur sem hlutfall af staðgreiðsluskyldum greiðslum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



3,6 og 3,7% í Kópavogi og Hafnarfirði og 2,7% á Akureyri.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.